

Loftlagsbreytingar
Hlýnun jarðar
og áhrif þeira á
dýr

Kaftein: Eyvör og
hjálpáranir: Pétur, Stebbi, Ólafur, Tómas

Hlýnun Stebbi

Þessar breytingar á dýralífinu samhliða auknum trjágróðri og hlýnandi loftslagi eru mörgum gleðiefni, en eins og alltaf eru tvær hliðar af hverju máli. „Á móti kemur að það eru líka tegundir sem fækka og hverfa,“

Hlýnun loftslags hefur haft áhrif á margar fuglategundir á Íslandi. Útbreiðslumörk margra tegunda eru að breytast vegna hlýnunar og breytinga sem verða á búsvæðum þeirra. Tíðni landnáms nýrra fuglategunda hér á landi hefur aukist eftir því sem leið á 20. öldina.

Loftlagsbreytingar á Íslandi Ólafur

Loftlagsbreytingar, hlýnun, og aukinn styrkur CO2 í andrúmsloftinu hafa mikil áhrif á lífsskilyrði plantna og dýra á landi.

Loftlagsbreytingar hafa áhrif á ýmsa aðra umhverfispætti, svo sem veðurfarssveiflur, úrkomu, snjóhulu, bráðnun jökla og vatnafars almennt. Allir þessir umhverfispættir hafa síðan bein og óbein áhrif, svo sem á flæði næringarefna í vistkerfum, valda breytingum á búsvæðum plantna og dýra, útbreiðslu þeirra og fjölbreytni tegunda, bæði staðbundið og á landsvísu.

Lúsmý Pétur

Með hlýnandi loftslagi á Íslandi hefur nýjum tegundum skordýra fjölgað. Þetta tvennt hangir talsvert saman, smádýr og gróður. Á meðan gróður eykst þá fjölgar skordýrum og skóglendi hefur aukist mikið á Íslandi. Á seinni árum hafa ýmsir nýir landnemar fest sig í sessi með hlýnandi veðurfari. Margir hafa gert ráð fyrir að lúsmýið sé einn landnemanna og hefur því ekki verið tekið fagnandi. Líklegt talið að breytingar á veðurfari hafið orðið þess valdandi að lúsmýið komst yfir þröskuld og náði sér á ærlegt flug. Lúsmý leggst einkum á fólk í svefni, sækir inn um opna glugga á kvöldin og nóttunni. Það þarf lognstillur til að athafna sig og hverfur ef vindur blæs. Þéttvaxinn garðagróður í byggð skapar skjól og hagstæð lífsskilyrði fyrir lúsmý, einnig hávaxinn trjágróður umhverfis sumarhús.



Skógarmítill Eyvör

Skógarmítill á Íslandi



Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands fannst skógarmítill fyrst hér á landi á farfugli 1967. Á síðari árum hefur hann fundist af og til, einkum hin síðari ár, og telur stofnunin að hann sé að öllum líkindum orðinn landlægur, enda hefur útbreiðslusvæði hans færst norður á bóginn með hlýnandi loftslagi. Með hlýnandi loftslagi og aukinni skógrækt má leiða líkur að því að skógarmítlum fari fjölgandi hér á landi. Skortur á hentugum blóðgjöfum getur þó staðið skógarmítlum fyrir þrifum. Fjölgun á kanínum í skóglendi gæti hugsanlega auðveldað mítlunum.

Spánarsnigill Tómas

Spánarsnigillinn er annað dæmi um nýbúa á Íslandi sem er frekar mikill skaðvaldur og ekki ánægjuleg viðbót. Spánarsnigillinn er gráðug alæta. Hann étur plöntur, plöntuleifar, ýmsan lífrænan úrgang, t.d. hundaskít og líka dauða og lifandi snigla. Efst á óskalistanum eru lyktsterkar plöntur, t.d. kryddjurtir og flauelisblóm. Skaðsemi spánarsnigilsins er ekki eingöngu fólgin í því að hann skemmir gróðurinn okkar og sóðar út með slímslóð sinni. Hann útrýmir líka öðrum sniglum þar sem hann nær fótfestu og raskar þannig náttúrulegu jafnvægi. Þar sem spánarsnigillinn er nýbúi á Íslandi er óvíst hversu útbreiddur og alvarlegur skaðvaldur hann getur orðið.



Takk fyrir að hlusta ef þið voruð að hlusta

:)